

Nr. 20-086 S 059 Finnbjörn ÍS 68**Skipverji slasast**

Skipaskr.nr. 1636
 Smíðaður: Svíðþjóð 1977, stál
 Útgerð: Lífsbjörg ehf
 Stærð: 59,99 brl. 67,62 bt.
 Mesta lengd: 21,2 m Skráð lengd: 19,48 m
 breidd: 4,8 m Dýpt: 3,12 m
 Vél: Caterpillar 375 kW, árg: 1998
 Fjöldi skipverja: 4



Finnbjörn©Elli Bjössa

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2020 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. júlí 2020 var Finnbjörn ÍS 68 á dragnótaveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: NA 7 m/s.

Skipverjarnir voru að hífa pokann inn fyrir eftir fyrsta holið og einn þeirra fór upp að móttökukarinu og stóð í jötu, sem var áföst karinu, til að losa pokahnútinn. Þegar pokinn kom utan í grindina á móttökukarinu lyftist lestarlúgan upp stjórnborðsmegin þar sem hún var ekki tessuð niður. Skipverjinn klemmdist á milli karsins og efri þilfarsbrúnar. Björgunarskip var fengið til móts við skipið og flutti slasaða í land.

Við rannsókn kom fram:

- að móttökukarið var boltað ofan á lestarlúguna;
- að vinnureglan var sú að eftir löndun þegar



Myndin sýnir móttökukarið og rauða örin sýnir hvar skipverjinn varð á milli.

lestarlúgan/móttakan var hífð aftur um borð átti að tessa hana niður;

- að líklegt þótti að gleymst hefði að tessa niður lestarlúguna;
- að lestarlúgan var með skálkutessum á þremur hliðum og lömum með splitti á bakborðshlið;
- að slasaði stóð upp í jötu á bakborðshlið móttökunnar og lenti með bakið á efra þilfari en fékk móttökuna framan á sig þegar lestarlúgan sem hún stóð á lyftist upp;
- að slasaði marðist illa og fékk innvortis blæðingar.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að lestarlúgan var ekki tessuð niður.